



Íslandsmót unglunga í borðtennis 2020

Íslandsmót unglunga í borðtennis 2020 fer fram í KR-heimilinu við Frostaskjól 10.-11. október 2020 en mótinu var frestað frá því mars vegna COVID-19 faraldursins. Mótið er í umsjón Borðtennisdeildar KR.

Leikið verður í fjórum aldursflokkum drengja og stúlkna í einliðaleik og þremur aldursflokkum í tvíliðaleik og tvenndarkeppni sbr. reglugerð Borðtennissambands Íslands um Íslandsmót.

Laugardaginn 10. október verður leikið til úrslita í tvenndarkeppni og keppt í riðlum í einliðaleik.

Leikið verður upp úr riðlum fram að undanúrslitum.

Sunnudaginn 11. október verður leikið í tvíliðaleik og til úrslita í einliðaleik.

Dagskrá lýkur með sameiginlegri verðlaunaafhendingu fyrir alla flokka.

Dagskrá

Laugardagur 10. október

Setningarathöfn kl. 10

Tvenndarkeppni til úrslita:

10.15 Tvenndarkeppni 13 ára og yngri, fædd 2007 og síðar

10.15 Tvenndarkeppni 14-15 ára, fædd 2005-2006

13.00 Tvenndarkeppni 16-18 ára, fædd 2002-2004

Einliðaleikur að undanúrslitum:

10.30 Einliðaleikur hnokka -11 ára, fæddir 2009 og síðar

10.30 Einliðaleikur táta -11 ára, fæddar 2009 og síðar

11.00 Einliðaleikur telpna 12-13 ára, fæddar 2007-2008

12.00 Einliðaleikur pílta 12-13 ára, fæddir 2007-2008

13.00 Einliðaleikur sveina 14-15 ára, fæddir 2005-2006

13.00 Einliðaleikur meyja 14-15 ára, fæddar 2005-2006

14.30 Einliðaleikur drengja 16-18 ára, fæddir 2002-2004

15.00 Einliðaleikur stúlkna 16-18 ára, fæddar 2002-2004

Sunnudagur 11. október

Tvíliðaleikur:

10.00 Tvíliðaleikur pílta -13 ára, fæddir 2007 og síðar

10.00 Tvíliðaleikur telpna -13 ára, fæddar 2007 og síðar

10.00 Tvíliðaleikur drengja 16-18 ára, fæddir 2002-2004

11.00 Tvíliðaleikur stúlkna 16-18 ára, fæddar 2002-2004

11.00 Tvíliðaleikur sveina 14-15 ára, fæddir 2005-2006

11.00 Tvíliðaleikur meyja 14-15 ára, fæddar 2005-2006

Einliðaleikur undanúrslit og úrslit:

- 12.30 Einliðaleikur hnokka -11 ára, fæddir 2009 og síðar
- 12.30 Einliðaleikur táta -11 ára, fæddar 2009 og síðar
- 12.30 Einliðaleikur telpna 12-13 ára, fæddar 2007-2008
- 13.15 Einliðaleikur pílta 12-13 ára, fæddir 2007-2008
- 13.15 Einliðaleikur sveina 14-15 ára, fæddir 2005-2006
- 13.15 Einliðaleikur meyja 14-15 ára, fæddar 2005-2006
- 14.00 Einliðaleikur stúlkna 16-18 ára, fæddar 2002-2004
- 14.00 Einliðaleikur drengja 16-18 ára, fæddir 2002-2004

Verðlaunaafhending í öllum flokkum verður sunnudaginn 11. október að loknum úrslitaleikjum.

Fyrirkomulag keppni

Keptt verður í riðlum í einliðaleik og síðan leikið upp úr riðlum með einföldum útslætti. Í tvíliðaleik og tvenndarkeppni er leikið með einföldum útslætti nema ef þrjú pör eru skráð til leiks, þá er keppt í riðli, skv. reglugerð um Íslandsmót. Ef eingöngu tveir keppendur eru skráðir í flokk í einliðaleik fer úrslitaleikurinn fram sunnudaginn 11. október. Þrjár unnar lotur þarf til að vinna leik. Við röðun í mótið verður farið eftir nýjasta styrkleikalista BTÍ. Leikið verður á Butterfly borðum með hvítum þriggja stjörnu Stiga plastkúlum. Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags. Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í öllum flokkum.

Keppendum og áhorfendum er bent á reglur BTÍ um iðkun borðtennis á tímum COVID-19 faraldursins.

Þáttökugjöld og skráning

Þáttökugjald er 2.500 kr. í einliðaleik og 2.000 kr. fyrir parið í tvíliðaleik og tvenndarkeppni (1.000 kr. á mann). Mælst er til þess að keppendur greiði þáttökugjöld rafrænt á bankareikning nr. 0137-26-008312, kennitala 661191-1129.

Síðasti skráningardagur er þriðjudagurinn 6. október kl. 22.

Skráningum skal skilað til mótstjórnar með skráningu á vef Tournament Software á slóðinni

[https://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament?id=71249E35-44E9-4B8C-B19E-](https://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament?id=71249E35-44E9-4B8C-B19E-B64237CC7442)

[B64237CC7442](https://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament?id=71249E35-44E9-4B8C-B19E-B64237CC7442). Leiðbeiningar um skráningu í gegnum Tournament Software má finna á vefsíðu BTÍ,

www.bordtennis.is. Einnig má skila skráningu í tölvupósti beint til mótsstjórnar, best að það sé gert fyrir félög eða æfingahópa í heild í Excel skjali, sem sent er til formanna og þjálfara.

Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ.

Dregið verður í mótið í Íþróttahúsi Hagaskóla miðvikudaginn 7. október kl. 20:00. Drátturinn verður birtur á vef Tournament Software að loknum drætti.

Samkvæmt keppnisreglum mega erlendir ríkisborgarar keppa á Íslandsmóti enda hafi þeir verið búsettir og átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár þegar mót fer fram. Viðkomandi einstaklingur verður að vera í félagi innan BTÍ.

Mótstjórn

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, gsm. 868 68 73, audurta@hotmail.com

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, astaurb@gmail.com

Pétur Gunnarsson, gsm. 662 3949, peturgun9@gmail.com

Skúli Gunnarsson, gsm. 845 25 85, skuligunn8@hotmail.com

Yfirdómarar: Finnur Hrafn Jónsson og Hannes Guðrúnarson.

Borðtennissamband Íslands greiðir landsdómurum 500 kr. fyrir hvern leik sem þeir dæma á mótinu.

Landsdómarar eru því hvattir til að gefa sig fram við mótsstjórn til að falast eftir dómarastarfi.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR, Ásta M. Urbancic